

Tillaga til 436. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 2. maí 2019

Tillaga bæjarstjóra að umsögn Ísafjarðarbæjar vegna aukinnar framleiðslu Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði.

"Ísafjarðarbær telur að aukin framleiðsla á silunga- og þorskeldi Hábrúnar í Skutulsfirði í Ísafjarðardjúpi muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif sem gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt geti af leyfisskyldri starfsemi. Ísafjarðabær gerir því ekki athugasemd við umsóknina."

1. Hábrún ehf - fiskeldi í Ísafjarðardjúpi - 2017050072

Lagt fram að nýju bréf Vigdísar Sigurðardóttur f.h. Matvælastofnunar, dagsett 29. mars sl., ásamt fylgigögnum, þar sem óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna aukinnar framleiðslu Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði. Á 1056. fundi bæjarráðs 1. apríl sl., var erindinu vísað til umhverfis- og framkvæmdanefndar og skipulags- og mannvirkjanefndar. Báðar nefndir hafa skilað umsögnum sem jafnframt eru lagðar fram.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda inn umsögn í samræmi við umsagnir umhverfis- og framkvæmdanefndar og skipulags- og mannvirkjanefndar.